

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 02. maí 2019
2019040027/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um vandaða starfshætti í vísindum, 779. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá allsherjar- og menningarmálanefnd Alþingis, dags. 12. apríl, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um frumvarp til laga um vandaða starfshætti í vísindum, 779. mál.

Náttúrufræðistofnun styður að framangreint frumvarp verði samþykkt. Engu að síður telur stofnunin að það færi betur að skilgreina nánar í lögnum hvað sé átt við með vönduðum starfsháttum og viðurkenndum siðferðisviðmiðum.


Eins og kemur fram í 6. gr. frumvarpsins og í umfjöllun í greinargerð um hana þá eru þau viðmið sem nefnd um vandaða starfshætti í vísindum starfar eftir ekki tiltekin í frumvarpinu með öðrum hætti en þeim að þau skuli vera viðurkennd. Þar er vísað til viðmiða sem þróast hafa hér á landi og erlendis í vísindasamfélaginu. Eitt fyrsta verkefni nefndarinnar yrði að skrá slík viðmið í samráði við hagsmunaaðila. Ráðherra á síðan að staðfesta viðmiðin að fenginni umsögn vísinda- og tækniráðs. Í inngangi í greinargerð er m.a. bent á að á Norðurlöndum hafa slíkar nefndir úrræði á grundvelli laga eða stjórnvaldsfyrirmæla til að leysa úr málum þegar upp koma grunsemdir um óvandaða starfshætti í rannsóknum, svo sem uppspuna, falsanir og ritstuld. Hér á landi hafa verið samin drög að viðmiðum fyrir siðareglur og góð vísindaleg vinnubrögð, sem vísað er til í framangreindum inngangi, og eru drögin birt á heimasíðu Rannís, sjá hér: <https://www.rannis.is/media/sidareglur/Vidmid-um-vandada-starfshaetti-og-sidferdi-i-visindum-og-rannsoknum.pdf>. Þar er að finna „yfirlit“ yfir þá þætti og viðmið í vísindalegu starfi sem þá var talið nauðsynlegt að fjalla um. Að mati Náttúrufræðistofnunar færi betur á því að þessir þættir væru taldir upp 6. gr. frumvarpsins, þó ekki væri endilega um tæmandi lista að ræða, sem þeir þættir og viðmið sem nauðsynlegt væri að skrá og ráðherra staðfestir. Í greinargerð væri síðan bein tilvísun í framangreind drög í umfjöllun um 6. gr. Með þessu væri nefndinni settur nánari rammi til að starfa eftir og hann lögfestur.

Í frumvarpinu virðist ekki koma fram hvað það hefur í för með sér ef ekki er farið eftir



álitsgerðum nefndarinnar skv. 7. gr. eða úrlausnum skv. 8. gr. sem ekki er hægt að skjóta til æðra stjórnvalds.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

